




# Áveitan

6. tbl. 10. árgangur. Júní 2016

## Það er kominn 17. júní!

Sameiginleg þjóðhátíðarskemmtun kvenfélaganna í Flóahreppi og Ungmennafélagsins Þjótanda verður haldin í félagsheimilinu Þingborg föstudaginn 17. júní. Hátíðin hefst kl 14:00 með ávarpi fjallkonu en síðan taka við leikir og skemmtidagskrá í umsjón íþrótt- og skemmtinefndar ungmennafélagsins. Að lokum er svo sameiginlegt kaffihlaðborð og eru allir sem koma á hátíðina beðnir um að leggja til veitingar á hlaðborðið. Félögin munu bjóða uppá kaffi og djús að drekka með. Boðið verður uppá andlitsmálun fyrir börnin. Athugið að hátíðin fer að mestu fram utandyra ef veður leyfir en annars inni Þingborg.



Kvenfélögin og Umf. Þjótandi

## Leikjakvöld í Einbúa

Ungmennafélagið verður með leikjakvöld í Einbúa í sumar eins og svo mörg undanfarin ár. Umsjónarmenn í sumar verða þær Hjördís Björg Viðjudóttir og Birgitta Kristín Bjarnadóttir. Leikjakvöldin eru fyrir hressa krakka á öllum aldri og verða á þriðjudagskvöldum kl. 20:00-21:00. Fyrsta kvöldið verður 14. júní. Foreldrar verum dugleg að keyra krakkana okkar, allir hafa gott af hreyfingu og góðum félagsskap yfir sumartímann, svo er upplagt að fá sér góðan göngutúr á meðan krakkarnir leika sér.

Umf. Þjótandi

## Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Ragnar Sigurjónsson  
icegordon@gmail.com  
S. 820-3565

lðunn Ýr Ásgeirsdóttir  
idunnyr84@gmail.com  
S: 865-1454

Fanney Ólafsdóttir  
fanneyo@emax.is  
S. 892-4155

## Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar og aðrir lesendur

Sveitarhátíðin „**Fjör í Flóa**“ var haldin dagana 27. – 29. maí. Þessi hátíð á orðið fastan sess á þessum árstíma með öllum sínum undirbúningi, skipulagi og gleði.

Hátíðin var að þessu sinni sett í Þingborg af formanni rekstarstjórnarinnar Stefáni Geirssyni. Rannveig Árnadóttir formaður æskulýðs- og íþróttanefndar veitti viðurkenningu íþróttamönnum Flóahrepps. Íþróttamenn Flóahrepps árið 2016 eru Elín Holst í Syðri Gegnishólum og Stefán Narfi Bjarnason í Túni. Flutt voru tónlistaratriði og kaffiveitingar voru í boði Flóahrepps.

Menningarstyrk Flóahrepp 2016 var úthlutað til þriggja verkefna. Fyrir hönd læsishóps Flóaskóla og Krakkaborgar tóku þær Hallfríður Aðalsteinsdóttir, Sigurbára Rúnarsdóttir og Unnur Bjarkadóttir, á móti styrk til þess að vinna „Mál og læsisstefnu Flóahrepps“. Ólafur Sigurjónsson í Forsæti tók við styrk til uppbyggingar á „Tónlistarsal í Tré og list“ og Þórey Axelsdóttir, fyrir hönd Þingborgarhópsins, vegna „Peysusamkeppni“. Mikill metnaður er að baki öllum þessum fjölbreyttu verkefnum á mismunandi sviðum menningar og lista þar sem unnið með hugverk og hráefni tengt menningu og sögu svæðis. Verðlaun og viðurkenningar fyrir Peysusamkeppnina voru síðan veitt í Þingborg þar sem innsendar peysur voru einnig til sýnis á hátíðinni. Þær peysur sem fengu verðlaun eða viðurkenningar verða til sýnis í Gömlu Þingborg í sumar.

Kvenfélögin í sveitarfélaginu sáu um morgunverð á laugardagsmorgni í Félagslundi og var hann myndarlega styrktur af fyrirtækjum á Suðurlandi. Kökubasar í Félagslundi og kaffisala, hlutavelta, bóksala og blómasala í Þingborg var einnig á vegum kvenfélaganna. Sýningar voru á nokkrum

stöðum, og sérstök opnunaráhátíð á fimmtudegi í Tré og list vegna málverkasýningar Ásmundar Friðrikssonar og frumsýningar á nýjum sýningagripum í safninu. Opið hús var á nokkrum stöðum; Krakkaborg, skrifstofu Flóahrepps, ferðamannafjárhúsi í Egilsstaðakoti, Íslenska bænum í Austur- Meðalholtum, Skálatjörn, hjá Liston í Langstaðalandi og Brandshúsum hjá Ragnari. Á útisvæði í Þingborg voru bílar, vélar og tæki á öllum aldri, smádyr í búrum og hoppukastalar. Þar var einnig grillmeistari að störfum og bauð upp á grillað lamb. Sælgæti í boði Helga í Góu var dreift úr flugvél yfir svæðið á laugardaginn. Sannkölluð sirkus stemming. Í Félagslundi fór Gísli Einarsson á kostum sem kynnir kvöldvökkunar. Góð skemmtun sem lauk með fjöldasöng undir stjórn Antons frá Skyggnisholti. Gönguferð var í boði á föstudagskvöldinu og brokk og skokk á sunnudegi. Sölbásarnir með fjölbreyttan varning voru opnir alla helgina í Þingborg. Margt er enn ótalið en fullvíst að alltaf er eitthvað áhugavert gerast á „Fjöri í Flóa“

*Starfsmenn Flóahrepps ásamt rekstarstjórn og félögum í kvenfélögunum í Flóahreppi og Ungmennafélaginu Þjótanda kærar þakkir fyrir frábært framlag við undirbúning og framkvæmd, án ykkar hefði ekki orðið „Fjör í Flóa 2016. Sannarlega til fyrirmyndar og Flóahreppi til mikils sóma. Íbúum og gestum þökkum við kærlega fyrir komuna og þátttökuna, án þeirra hefði heldur ekki orðið hátíð.*

**Vinnuskóli Flóahrepps** tekur til starfa 6. júní og starfar til 22. júlí. Þátttaka í vinnuskólanum er mikil og fjölmörg verkefni bíða. Í fyrsta skipti er nú boðið upp á vinnu fyrir 7. bekkina en þau mæta tvær vikur í júní. Nánar um það frá flokksstjóra vinnuskólans. Vinnuskólinn er starfræktur í sjö vikur en hver og einn þarf að taka frí eina viku af þessum sjö í samráði við flokkstjóra. Mæting fyrsta daginn er í Þingborg. Flokkstjóri vinnuskólans verður Árni Geir Hilmarsson.

**Skrifstofa Flóahrepps** verður lokuð í 3 vikur vegna sumarleyfa 11. júlí – 29. júlí.

**Sveitarstjórn** tekur sumarleyfi í júlímánuði en heldur þess í stað einn aukafund 27. júní.

Fyrsti fundur sveitarstjórnar að loknu sumarleyfi verður haldinn miðvikudaginn **10. ágúst**.

Sveitarstjóri Flóahrepps

## Reiðnámskeið Sleipnis sumarið 2016

Reiðnámskeið Sleipnis verður haldið í Vallartröð 4 á Selfossi í sumar. Umsjónarmaður er Oddný Lára Guðnadóttir.

Oddný er menntaður hestafræðingur og leiðbeinandi frá Háskólanum á Hólum í Hjaltadal og hefur haldið allmörg reiðnámskeið með góðum árangri í gegnum árin. Skráning er hafin í síma 847-9834 eða á oddnylara(hja)floaskoli.is (www.hestaland.123.is).

Börn læra grunnatriði í hestamennsku, stjórnun og ásetu. Farið verður í útreiðartúra ásamt uppákomum í reiðhöll. Innifalið í verði er aðgangur að hesti, reiðtygjum og hjálmi.

Öll börn frá viðurkenningaskjal með mynd af sér og hestinum í lok námskeiðis.

**Fyrir 6-8 ára.** (5 daga námskeið kostar 10.000)

- 6.-10. júní kl. 13:30 til 14:30 eða 15:00-16:00 (5 dagar)
- 8.-12. ágúst kl. 15:00-16:00 (5 dagar)
- 15.-19. ágúst kl 15:00-16:00 (5 dagar)

**Fyrir 9 ára og eldri.** (9 daga námskeið kostar 20.000 og 10 daga 22.000)

- 13.-24. júní kl. 10.00-11.30 eða 13.00-14:30 (9 dagar)  
(17. júní frí)
- 11.-22. júlí kl. 10.00-11.30. eða 13.00-14.30  
(10.dagar.)
- 8.-19. ágúst kl. 10.00-11.30 eða 13.00-14.30 (10 dagar)

**Er hundurinn þinn á Kóngafæði ?**

**Ef svo er ekki þá er ég að selja hundafóður frá King Bellfor.  
Allar uppl í s: 8203565 og [icegordon@gmail.com](mailto:icegordon@gmail.com)**

**Ragnar Sigurjónsson**

## Héraðsleikar- og Aldursflokkamót HSK í frjálsum

Héraðsleikar- og Aldursflokkamót HSK verða haldin í Þorlákshöfn sunnudaginn 12. júní og hefst kl. 10:00. Keppit verður í frjálssíþróttum í flokkum 14 ára og yngri. Héraðsleikarnir eru fyrir 10 ára og yngri og aldursflokkamótið er fyrir 11 - 14 ára. Keppni hefst kl. 10:00 og stendur til kl. 15:00.

### ***Keppnisgreinar:***

#### **Aldursflokkamót HSK**

Stúlkur og piltar 14 ára: 100 m hlaup - 800 m hlaup - 4x100 m boðhlaup - langstökk - hástökk - kúluvarp – spjótkest – 80m grindahlaup.

Stúlkur og piltar 13 ára: 100 m hlaup - 800 m hlaup - langstökk - hástökk - kúluvarp – spjótkest -80m grindahlaup.

Stúlkur og piltar 12 ára: 60 m hlaup - 800 m hlaup - langstökk - hástökk – kúluvarp – spjótkest.

Stúlkur og piltar 11 ára: 60 m hlaup - 800 m hlaup - langstökk - hástökk – kúluvarp – spjótkest.

#### **Héraðsleikar HSK**

Stúlkur og piltar 10 ára: 60 m - 400 m- langstökk - kúluvarp- hástökk.

Stúlkur og piltar 9 ára og yngri: 60 m – 400m- langstökk

Allir keppendur 10 ára og yngri fá verðlaunapening fyrir þátttökuna en veitt eru verðlaun fyrir þrjú efstu sætin hjá 11-14 ára. Vonandi verða margir keppendur frá Umf. Þjótanda á mótinu og gaman væri ef sem flestir væru klæddir í bol merktan félaginu. Skráningar berist til Árna Geirs á [arni@floaskoli.is](mailto:arni@floaskoli.is) fyrir föstudaginn 10. júní.

### ***Skólaslit í Flóaskóla***

*Kæru sveitungar.*

*Skólahaldi þetta skólaárið líkur með skólaslitum föstudaginn 3. júní næstkomandi kl. 14:00 í Þjórsárveri eða úti við skólann ef veður leyfir.*

*Allir velkomnir.*

*Anna Greta Ólafsdóttir*

*Skólastjóri.*

## UPPSKRIFTARHORNID

Eftirfarandi réttur hefur aldeilis slegið í gegn á mannamótum, einfaldur, fljótlegur og þægilegur.

### **Nachos kjúklingur**

Fyrir 4-6 manns

4 kjúklingabringur

1 poki nachos flögur

1 krukka Taco sósa

1/2 - 1 líter rjómi

rifinn ostur

Kjúklingabringur eru skornar í hæfilega bita og steiktar á pönnu. Kryddað með salti og pipar.

Á meðan eru Nachos flögur settar í botninn á eldföstu móti. Þegar kjúklingnum hefur verið lokað þá er honum raðað ofan á Nachos flögurnar. Taco sósunni og rjómanum er blandað saman í skál og því svo hellt ofan á kjúklinginn. Rifnum osti er að lokum dreift yfir mótið og því skellt inn í miðjan ofn við 200°C í 30 mín. Borið fram með salati.

### **Eftirréttur: Sjokkulaðemúss**

Súkkulaðimús (fyrir 4)

100 g súkkulaði (gjarnan 50 g rjómasúkkulaði og 50 g suðusúkkulaði)

2 eggjarauður

2,5 dl rjómi

Bræðið súkkulaðið í örbylgjuofni eða yfir vatnsbaði. Látið það kólna aðeins áður en eggjarauðum er hrært saman við. Hrærið þar til blandan er orðin slétt (ef hún verður kekkjótt eða of þykk er smá rjóma hrært saman við).

Þeytið rjómann en alls ekki of stífann. Hrærið léttþeyttum rjómanum saman við súkkulaði-blönduna í smáum skömmtum með sleikju. Hrærið blöndunni varlega saman þar til hún hefur blandast vel.

Setjið súkkulaðimúsina í 4 skálar og látið standa í ísskáp þar til hún hefur stífnað. Berið fram með berjum og jafnvel þeyttum rjóma.

Ég skora á Hallfríði Ósk Aðalsteinsdóttur í Lyngholti að koma með uppskrift í næstu Áveitu !  
Lilja, Brandshúsum 6.

### Frá Afréttamálafélagi Flóa og Skeiða:

Fyrirhugaður er vinnudagur hjá félaginu laugardaginn 11. júní. Girða á nýja girðingu við Reykholt í Þjórsárdal, ca 1 km. Þeir sem eru til í að taka þátt í þessu verkefni eru beðnir að hafa samband við Reyni á Hurðarbaki sem fyrst í síma 898-0929.

Annar vinnudagur verður svo síðar í sumar í réttunum.

Sauðfjárnætur og aðrir áhugasamir eru beðnir að koma og taka þátt í þessum verkefnum. Margar hendur vinna létt verk.

Stjórnin

### Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps:

Vorfundur félagsins verður haldinn í Þingborg mánudagskvöldið 13. júní kl. 20:30. Á fundinn mætir Jóhanna Róbertsdóttir fulltrúi Rauða krossins og kynnir fyrir okkur hugmyndir að samstarfi við kvenfélögin innan SSK varðandi neyðarvarnir á Suðurlandi. Hittumst sem flestar hressar og kátar og eigum saman góða kvöldstund.

Nýir félagar velkomnir.

*Í kaffihóp eru Auður Atladóttir, Sigurbára Rúnarsdóttir, Matthildur Pálsdóttir og Inga Ósk Jónsdóttir.*

Með bestu kveðju, stjórnin.



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

## Úrslit úr Brokk og skokk 2016

Umf. Þjótandi stóð í fyrsta sinn fyrir keppni í „Brokk og skokk“ á Fjöri í Flóa. Keppnin tókst mjög vel og var afar hressandi fyrir keppendur og skemmtileg fyrir áhorfendur. Mjög líklegt er að leikurinn verði endurtekinn að ári og þá verða vonandi fleiri sem taka þátt. Úrslit urðu þessi:

### Fjölskylduhringur (ca. 2 km):

1. sæti: Helgi Reynisson, Reynir Þór Jónsson og Finnur, 14:34 mín
2. sæti: Þórunn Sturludóttir Schacht. Mareike Schacht og Reimar, 15:39 mín.

### Íþróttahringur (ca. 6 km):

1. sæti: Árni Geir Hilmarsson, Steinþór Runólfsson og Þula, 25:45 mín
2. sæti: Unnsteinn og Sigurjón Reynissynir ásamt Rösk, 26:31 mín
3. sæti: Axel Páll Einarsson, Elísabet Thorsteinson og Varða, 28:13 mín.

## Félagsbúningar Umf. Þjótanda

Ákveðið hefur verið að bjóða aftur uppá máttun á félagsbúningum Umf. Þjótanda á 17. júní hátíðarhöldunum í Þingborg. Þöntunin verður svo send til afgreiðslu í vikunni þar á eftir. Ef einhverjir vilja máta galla í annan tíma er hægt að hafa samband við Guðmundu í síma 846-9775 eða [gudmunda89@gmail.com](mailto:gudmunda89@gmail.com) og bjarga því.

Verð á göllum er 7900 fyrir barnastærðir og 8900 fyrir fullorðinsstærðir. Einnig stendur fólki til boða að merkja gallana með nafni en það kostar þá 300 kr aukalega. Í boði er að kaupa stakar treyjur en það kostar þá 5266 kr í barnastærðum og 5933 kr fyrir fullorðinsstærðir. Hægt er að sjá hvernig gallinn lítur út á facebooksíðu félagsins. Bolirnir vinsælu verða einnig til sölu á 17. júní.

Stjórnin



## ***Héraðsmót í frjálsum 21. - 22. júní nk.***

Héraðsmót HSK í frjálssíþróttum verður haldið á Selfossvelli dagana 21. og 22. júní nk. Mótið hefst bæði mánudag og þriðjudag kl. 19:00 og stendur til kl. 22.00.

*Keppnisgreinar verða sem hér segir:*

**Konur og karlar fyrri dagur:** 100 m - 400 m - 1500 m - hástökk - þrístökk - spjótkast - sleggjukast

**Konur og karlar seinni dagur:** - 100/110 m gr. - 200 m - 800 m - 4x100 m boðhlaup- langstökk - stangarstökk - kringlukast - kúluvarp. - 5000 m hlaup karla.

Við hvetjum sem flesta félagsmenn Umf. Þjótanda til þess að skrá sig til leiks á mótið. Ekki er þörf á því að vera frjálssíþróttahetja til þess að koma á héraðsmót og keppa sér til gamans ☺

Skráningar berist til Árna Geirs á [arni@floaskoli.is](mailto:arni@floaskoli.is) í síðasta lagi laugardaginn 19. júní.

## **Íþróttæfingar í sumar**

Áætlað er að bjóða upp á íþróttæfingar á íþróttasvæðinu við Þjórsárver í júlí og ágúst, eða eftir að leikjanámskeiði ungmennafélagsins líkur. Árni Geir Hilmarsson mun stýra æfingunum sem verða fyrir 6 ára og eldri. Nánar auglýst síðar.

Íþróttanefnd

## **Meindýravarnir**

**Er byrjaður vinna sem meindýraeyðir.**

**Ef það er eitthvað sem ég get hjálpað þá er síminn minn 820-3565.**

**Ragnar í Brandshúsum**

## Frjálsíþróttafréttir

Vormót HSK fór fram 21. maí á Selfossvelli og Umf. Þjótandi átti 3 keppendur á mótinu. Á mótinu er keppt í fullorðinsflokki, með fullorðins áhöldum. Strákarnir stóðu sig vel og bættu sig í flestum greinum. Hér að neðan er árangurinn þeirra:

|                         |     |                 |          |          |
|-------------------------|-----|-----------------|----------|----------|
| Stefán Narfi Bjarnason  | '00 | Langstökk       | 5,57m    | 7. sæti  |
|                         |     | 100m hlaup      | 12,48sek | 16. sæti |
|                         |     | Hástökk         | 1,60m    | 7. sæti  |
|                         |     | Spjótkast 800gr | 43,28m   | 7. sæti  |
| Ýmir Atlason            | '00 | Langstökk       | 5,01m    | 9. sæti  |
|                         |     | 100m hlaup      | 13,63m   | 25. sæti |
|                         |     | Hástökk         | 1,40m    | 9. sæti  |
|                         |     | Spjótkast 800gr | 21,72m   | 13. sæti |
| Brynjar Jón Brynjarsson | '01 | Langstökk       | 4,26m    | 12. sæti |
|                         |     | Spjótkast 800gr | 22,39m   | 12. sæti |

### Hreinsunardagur í Einbúa

Sunnudagskvöldið 12. júní verður haldinn hinn árlegi hreinsunardagur í Einbúa, félagssvæði Umf. Þjótanda í Oddgeirshólaklettum. Þá munum við bjóða öllum íbúum Flóahrepps til okkar að hjálpa okkur eða þá bara til að skoða þetta einstaka svæði sem Umf. Þjótandi á.

Byrjað verður kl. 20:00 við að slá og hlúa að svæðinu. Er fólk beðið um að mæta með sláttuvélar og sláttuorf ásamt öðrum viðeigandi verkfærum á svæðið. Margar hendur vinna létt verk.

Þetta hreinsunarkvöld er endapunkturinn á umhverfisátaki Atvinnu- og Umhverfisnefndar Flóahrepps og verður heitt í kolagrilli á svæðinu, þar sem fólk getur komið og grillað eitthvað gott á fallegum stað að loknu vel heppnuðu umhverfisátaki og vel unnum störfum við að koma Einbúa í fallegan sumarbúning.

Einbúanefnd Þjótanda

## Pistillinn

Þakka þér fyrir Malin. Ég hélt þú værir vinkona mín.

Jæja ég verð líklega að verða við áskoruninni. Eins og kom fram hjá Malin fór bréf frá minni fyrrverandi, sem var sænsk, til bændaskólans sem hún gekk í á sínum tíma. Ég kynntist henni í byrjun árs 1978, flyt til Svíþjóðar um haustið og bjó þar í sex og hálf ár. Fyrstu tvö árin vann ég á kúabúi og mjólkaði aðallega. Þar eignumst við kettling sem fékk nafnið Hafþór, Svíarnir kváðu mikið og voru í miklu basli með nafnið. Var hann ósköp duglegur að bjarga sér og sá maður oft ýmis smádyr í hans kjafti. Við bjuggum í parhúsi og nágrannar okkar fengu sér kettling er Hafþór var farinn að stálpast vel, svo hann tók kettlinginn að sér og ól hann nokkurnvegin upp.

Eitt sinn sá ég hóp af fólki úti á plani svo ég kíkti út. Sat Hafþór þar í miðjum hópnum, kettlingurinn andspænis honum og akurrotta á milli þeirra álíka stór og kettlingurinn. Rottan og kettlingurinn hvæstu hvort á annað og ef rottan fór að sýna einhverja yfirburði eða reyndi að stinga af var Hafþór fljótur að skakka leikinn. Kettlingurinn átti ekki séns í rottuna, svo eftir dágóða stund tók Hafþór hana og byrjaði að bryðja trýnið og og át allt aftur að hala, sleikti hann aðeins og fór síðan sæll og glaður.

Svo gerðist það eitt sinn er við vorum að fara til tengdaföður míns og vinkonu okkar sem við gistum hjá, rúmlega 100 km ferð. Kötturinn var afturí eins og venjulega að hann fer að hósta og hósta og eftir smá stund ælir hann. Ég snarstoppa, rík út og við mér blasir í aftursætinu (sem betur fer var dagblað í því) ælan frá kettinum skrífandi í allar áttir, frekar ógeðsleg sjón. Blaðið fór úti skurð með öllum ormunum og við héldum áfram. Er við komum til vinkonunnar sögðum við af ælunni og náði maður hennar þá í einhverja rosa pillu, tróð ofaní köttinn og henti honum út. Hann kemur inn í fyrramálið búinn að hreinsa sig sagði hann.

Eitt sinn lá hann sofandi í sófanum og teygði vel úr sér, framfótur beint fram og skottið beint aftur. Tommustokkur aldrei langt undan hjá mér svo ég mældi hann 90 cm, hann var nokkuð stór. Það var ágætt að búa í Svíþjóð en rosalega var gott að flytja aftur heim til Íslands. Þessvegna segi ég að allir ættu að prófa að búa í útlandinu einhvern tíma til að hafa einhvern samanburð.

Úr því að síðustu pistlar hafa verið með útlendu ívafi langar mig að skora á Míu dýralækni sem er nýflutt í hreppinn okkar að skrifa næsta pistil.

Viðar Ófeigsson, Rimum

## Leikjanámskeið

Fimmtudaginn 9. júní n.k. hefst leikjanámskeið Ungmennafélagsins Þjótanda fyrir krakka 6-12 ára. Kennst verður á íþróttasvæðinu við Þjórsárver í 10 skipti eða alla virka daga frá 9. - 23. júní frá kl. 8:30-11:00. Kennari á námskeiðinu verður Örvar Rafn Hlíðdal íþróttakennari. Skráningar eiga að berast til hans í síðasta lagi 8. júní á netfangið [orvar@floaskoli.is](mailto:orvar@floaskoli.is) eða í síma 823-5855.

Allir krakkar verða að mæta klæddir eftir veðri og gott er að hafa meðferðis hollt og gott nesti. Verð er kr. 4000 á þátttakanda en veittur er 500 kr. systkinaaafsláttur. Þátttökugjald skal greiðast til þjálfara við upphaf námskeiðs.

Með von um góða þátttöku nú eins og undanfarin ár.

Örvar Rafn Hlíðdal, íþróttakennari

## Dagskrá mánaðarins

|  |              |
|--|--------------|
| Skólaslit Flóaskóla                    | 3. júní      |
| Leikjanámskeið hefst                   | 9. júní      |
| Girðingavinna í Þjórsárdal             | 11. júní     |
| Héraðsleikar í Þorlákshöfn             | 12. júní     |
| Hreinsunardagur í Einbúa               | 12. júní     |
| Vorfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps | 13. júní     |
| Leikjakvöld í Einbúa                   | 14. júní     |
| Þjóðhátíðardagurinn                    | 17. júní     |
| Héraðsmót í frjálsum                   | 21.-22. júní |
| Leikjakvöld í Einbúa                   | 21. júní     |
| Leikjanámskeiði líkur                  | 23. júní     |
| Leikjakvöld í Einbúa                   | 28. júní     |

